



Alþingi  
Erindi nr. þ 139/388  
komudagur 25.11.2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 24.11.2010

Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum, þingskjal 129 – 120. mál**

Landsvirkjun hefur á síðustu misserum lagt áherslu á að hefja orkunýtingu á jarðhitasvæðum í Þingeyjarsýslum við fyrstu hentugleika og í því skyni lagt verulega fjármuni í rannsóknir og kaup á hlutum í orkufyrirtækinu Þeistareykjum ehf. Landsvirkjun hefur einnig verið í viðræðum við líklega orkukaupendur á svæðinu og orðið var við talsverðan áhuga margra aðila á að setja upp orkukrefjandi starfsemi í nágrenni jarðhitasvæðanna. Í þeim viðræðum hefur komið fram að stuðningur heimamanna og ríkisins skiptir verulegu máli í því skyni að skapa heppilega umgjörð fyrir slíka orkukrefjandi starfsemi.

Á hitt ber að líta að hagsmunir Landsvirkjunar sem orkufyrirtækis liggja fyrst og fremst í því að afla sem mestra tekna af orkusölu frá jarðhitasvæðunum í Þingeyjarsýslu. Reynslan af því að leita að heppilegum orkukaupendum í öðrum landshlutum hefur sýnt að slíkt getur verið tímafrekt. Einnig má nefna að þar sem um jarðhitasvæði er að ræða, væri heppilegt að finna orkukaupanda sem getur byggt upp starfsemi sína í áföngum.

Landsvirkjun fagnar því þegar ríkið og heimamenn taka höndum saman við að skapa aðlaðandi aðstæður fyrir orkukrefjandi starfsemi. Landsvirkjun telur þó að slíkar aðgerðir eigi fyrst og fremst að miðast við almenn atriði sem gagnast almennt slíkum orkukaupendum. Æskilegt er jafnframt að opinberir aðilar hafi ekki með orðum sínum eða aðgerðum áhrif á samningaviðræður orkusalans, þegar kemur að vali á orkukaupanda eða skapi þrýsting á tíma-ramma verkefnisins. Jafnframt er æskilegt að nýting jarðhitasvæðanna geti verið sveigjanleg og miðuð við þarfir aðilanna sem nýta orkulindirnar. Landsvirkjun telur einnig að opinberum kvöðum vegna orkunýtingar þurfi að stilla í hóf, þannig að kostnaður við orkuöflun geti verið innan hóflegra marka. Á þann hátt mun fyrir nást árangur í því að laða orkukaupendur að jarðhitasvæðunum í Þingeyjarsýslum.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson  
forstjóri